

40
4. apríl

AUGLÝSING

um

staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um

viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Billiardstofum og öðrum slíkum skemtistöðum skal lokað kl. 11 á kvöldin til kl. 7 að morgni og allir gestir skulu farnir út kl. 11 að kvöldi. Billiardstofum skal lokað alla stórhátíðisdaga og aðra helga daga skal lokað frá kl. 12—4 sd.

Lögreglustjóra er heimilt að neita um leyfi til þess að hafa opna billiardstofu, og getur hann afnumið billiardleyfi, ef hann telur þess þörf. Unglingum undir 16 ára er óheimill aðgangur að billiardstofum, og er það á ábyrgð leyfishafa, ef útaf bregður.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. apríl 1929.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.